



# **Verkferlar í leikskóla – snemmtæk íhlutun**

**Skrifstofa fræðslu- og frístundþjónustu Hafnarfjarðar**

**Febrúar 2017**

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit .....	2
1 Grunur um frávik .....	3
2 Ungbarnaskoðun á heilsugæslu/nánari greining.....	3
3 Einstaklingsáætlun.....	4
4 Mat á árangri .....	4
5 Sérkennsla.....	4
6 Teymisvinna .....	5
7 Tilvísun .....	5
8 Ráðgjafabjónusta – hvert skal vísa .....	5
8.1 Sálfraeðingur .....	6
8.2 Sérkennsluráðgjafi/sérkennslufulltrúi .....	6
8.3 Talmeinafræðingur .....	7
8.4 Verkferlar í grunnskóla þegar máli er vísað til PMTO .....	7
9 Móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál .....	8
10 Samantekt verkferla vegna snemmtækrar íhlutunar .....	9



# 1 GRUNUR UM FRÁVIK

---

Ef grunur vaknar um frávik í þroska barns eða erfiðleikar koma fram í hegðun þess eða líðan, ætti að vísa málefnum barnsins til úrlausnar innan samráðsteymis<sup>1</sup> /lausnarsteymis leikskólans. Mikilvægt er að nota úrræði innan leikskólans sem starfsmenn ráða yfir og setja af stað íhlutun í samráði við foreldra, sem sérkennslustjóri og sérkennslufulltrúi/sérkennsluráðgjafi fylgja eftir. Varðandi mótun hegðunar hjá þeim börnum sem sýna erfiða hegðun er bent á notkun styðjandi aðferða í leikskólanum t.d. aðferðir SMT / PMTO. Benda ætti foreldrum á foreldranámskeið og meðferðarúrræði sem í boði eru til að tileinka sér slíkar aðferðir. Þegar grunur vaknar um frávik í þroska ungra barna er mikilvægt að meta þau með matstækjum sem eru til í leikskólanum og hefja íhlutun sem allra fyrst. Hægt er að byrja á að leggja fyrir *málþroskaþrófið Orðaskil* (Elín Þ. Þórðardóttir) og *Íslenska smábarnalistann* (Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson). Einnig er hægt að styðjast við gátlista sem meta þroska barna á mismunandi aldri. Ef frávik eru staðfest skulu foreldrar boðaðir á fund til að fara yfir stöðu barnsins, veita skal viðeigandi ráðgjöf og halda áfram með íhlutun við hæfi. Í öllum tilfellum skal ganga úr skugga um að barnið hafi eðlilega heyrn og sjón.

## 2 UNGBARNASKOÐUN Á HEILSUGÆSLU/NÁNARI GREINING

---

Hvetja þarf foreldra allra barna til þess að fara með börn sín í 2 ½ árs og 4 ára skoðun hjá heilsugæslunni, þar sem m.a. er lagður fyrir spurningalisti fyrir foreldra (*PEDS*) og athugun er gerð á þroskastöðu með *Brigance þroskaþrófi*. Í framhaldi af því er oft haft samband við starfsfólk leikskóla og bréf sent til sérkennslufulltrúa/sérkennsluráðgjafa á skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu, sem sér síðan um að koma upplýsingum áfram til leikskólans og fylgja málinu eftir með viðeigandi ráðgjöf. Í bréfinu er tekið fram hvort barn er undir viðmiðum matstækis sem lagt er fyrir barnið og hvort mælt er með frekari athugun á barninu s.s. hjá ráðgjöfum á skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu. Sérkennslustjóri þarf í framhaldi þessa að meta hvort ástæða er til frekari athugunar á þroskastöðu barnsins (dæmi: *TRAS*, *AEPS*, *Gerd Strand*, *Kuno Beller*, gátlistar sem meta færni á ákveðnum aldri). Fyrir börn sem eru tvítyngd eða fjöltyngd er hægt að nota *Matslista Kolbrúnar Vigfúsdóttur fyrir tvítyngd börn* eða skráningarform frá Reykjavíkurborg *Einn leikskóli - mörg tungumál*. Einnig er mikilvægt að virkja móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál (sjá hafnfirsku leiðbeiningarnar [Handbók um móttöku barns í leikskóla með íslensku sem annað tungumál](#) sem er að finna á Læknum (innri.hafnarfjordur.is)). Ef niðurstöður athugana benda til þess að frávik séu til staðar í þroska barnsins, skal íhlutun eiga sér stað þegar í stað.

---

<sup>1</sup> Samráðsteymi:

Í leikskólum Hafnarfjarðar eru starfandi samráðsteymi, megin hlutverk þeirra er að gæta hagsmuna barna í leikskólanum, vernda þau og styðja samanber starfsreglur um samráðsteymi frá 1. september 2012 ([Starfsreglur samráðsteymisins](#) er að finna á Læknum). Í samráðsteymi eru m.a. tekin fyrir málefni sem varða einstök börn og þau sett í farveg.



### 3 EINSTAKLINGSÁÆTLUN

---

Í samræmi við niðurstöður athugana er mikilvægt að gera einstaklingsáætlun með mælanlegum markmiðum fyrir barnið. Vinna þarf markvisst eftir slíkri áætlun í þrjá mánuði. Hafi íhlutun samkvæmt einstaklingsáætlun ekki skilað tilætluðum árangri á þeim tíma er hægt að vísa barninu til nánari greiningar og/eða meðferðar hjá ráðgjafabjónustu á skrifstofu fræðslu og frístundaþjónustu. Í þeim tilfellum sem að fram koma augljós alvarleg þroskafrávik er hægt að vísa barninu beint til ráðgjafabjónustu til nánari greiningar eftir þörfum. Áður en einstaklingsáætlun er gerð er gagnlegt að afla bakgrunnsupplýsinga um barnið, s.s. varðandi þjóðerni foreldra, heilsufar, hreyfifærni, máltöku, þroskafrávik og lesblindu í fjölskyldunni. Einstaklingsáætlun ætti að taka til þátta þar sem frávik hafa komið fram hjá barninu (þroski, hegðun eða líðan). Markmið einstaklingsáætlunar þurfa að vera afmörkuð og auðlesin, þannig að auðvelt sé að meta árangur. Einstaklingsáætlunina þarf að kynna fyrir foreldrum og æskilegt er að þeir séu þátttakendur í gerð hennar. Leggja þarf áherslu á að veita foreldrum ráðgjöf sem er í samræmi við innihald áætlunar. Einnig ætti að hvetja foreldra til að taka markvisst þátt í íhlutuninni t.d. með því að senda hugmyndir og verkefni heim með barninu.

### 4 MAT Á ÁRANGRI

---

Fylgjast þarf vel með framvindu íhlutunar og skrá hvað er gert í sérkennslu og stuðningstímum. Mat á árangri getur m.a farið fram með gátlistum (getur-getur ekki) eða með endurmati á stöðu barnsins, með ofangreindum matslistum/gátlistum eða skráningum og/eða áhorfsmælingum samkvæmt aðferðum PMTO og SMT. Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt í þeim tilvikum þar sem árangur er ekki viðunandi að óska eftir nánari athugun hjá sérkennslufulltrúa/sérkennsluráðgjafa, sálfræðingi eða talmeinafræðingi á skrifstofu skóla- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar. Einnig geta foreldrar leitað með barnið til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands (heyrnarmæling/málþroskamát) og til lækna heilsugæslunnar, auk sjálfstætt starfandi sérfræðinga (s.s. barnalækna, iðjupjálfa, sjúkráþjálfa, sálfræðinga og talmeinafræðinga).

### 5 SÉRKENNSLA

---

Samkvæmt vinnureglum um sérkennslu í leikskólum Hafnarfjarðar, eiga börn sem þurfa sérstaka þjálfun eða aðstoð í leikskólanum, rétt á sérkennslutímum, sem metnir eru út frá þörfum þeirra. Sérstaklega er tekið tillit til þess ef um flókinn og/eða fjölþættan vanda er að ræða. Hér er átt við börn með; þroskahömlun, hreyfihömlun, alvarleg frávik í málþroska, gagntæka þroskaröskun, blindu/verulega sjónskerðingu, heyrnarleysi/verulega heyrnarskerðingu og langveik börn. Til að mæta sérkennsluþörf barnanna sækir leikskólastjóri um sérkennslutíma til úthlutunarteymis leikskóla, á sérstöku eyðublaði.

Vegna þeirra barna sem ekki falla undir ofangreind viðmið, en eru engu að síður talin þurfa sérstaka þjálfun eða aðstoð í leikskólanum, fær leikskólinn úthlutað fé skv. fjárhagsáætlun, sem nemur ákveðnu hlutfalli af nemendafjölda skólans. Hér er átt við börn sem þurfa aðstoð eða örvun t.d. vegna vægrar



sjón- eða heyrnarskerðingar, hegðunarerfiðleika, tilfinninga- og félagslegra erfiðleika, athyglisbrests og/eða ofvirkni eða vægra frávika í mál- eða vitsmunabroska. Úthlutun sérkennslutíma vegna barna er falla undir þessi viðmið fer fram á vegum leikskólans og er ætlast til að verklagsreglum um einstaklingsáætlun sé fylgt og að mat sé gert á árangri þjálfunar.

## 6 TEYMISVINNA

---

Stofnað er teymi (tengill í [teymiseyðublað](#)) í leikskóla í samráði við foreldra, þegar talin er þörf á reglulegu og nánu samstarfi vegna barns og/eða í kjölfar athugunar ráðgjafa. Í teymi sitja forráðamenn barns, deildarstjóri, sérkennslustjóri og eftir atvikum starfsmenn og sérfræðingar/ráðgjafar utan skólans sem koma að máli barns. Tilgangur teymisvinnu er að samhæfa og samræma markmið í tengslum við nám og kennslu barna. Halda skal fundargerðir teymisfunda, sem skráðar eru á sérstakt eyðublað (tengill í [eyðublaðið](#)).

## 7 TILVÍSUN

---

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að vísa barni í leikskóla til athugunar er eyðublaðið: „[Tilvísun til sérfræðipjónustu vegna barns í leikskóla](#)“ alltaf fyllt út. Það er mikilvægt að við útfyllingu eyðublaðsins séu eftirfarandi atriði uppfyllt:

- Að eyðublaðið sé fyllt út eins ítarlega og kostur er. Mikilvægt er að skilgreina vel hvers konar aðstoð er óskað eftir ásamt nákvæmri lýsingu á því hvað veldur áhyggjum varðandi barnið
- Það þarf að koma fram hvaða sérfræðingi/ráðgjafa er verið að óska eftir
- Ábyrgðarmenn tilvísana eru leikskólastjóri og sérkennslustjóri leikskólans
- Foreldrar eða forsjáraðilar þurfa að skrifa undir.
- Niðurstöður allra athugana sem starfsfólk leikskólans hefur gert varðandi barnið ættu að fylgja tilvísun. Einnig aðrar athuganir sem gerðar hafa verið á barninu. Niðurstöður *Smábarnalistans* (15-38 mánaða) eða *Íslenska þroskalistans* (3-6 ára) eiga ávallt að fylgja tilvísun.
- Tilvísanir sem ekki eru fylltar út á viðunandi hátt verða endursendar til leikskólans til frekari úrvinnslu.

## 8 RÁÐGJAFAPJÓNUSTA – HVERT SKAL VÍSA

---

Þegar tekin er ákvörðun um til hvaða sérfræðings/ráðgjafa skuli leitað er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Ef vandi barnsins lítur að frávikum í þroska, líðan eða hegðunarerfiðleikum og sérkennslustjóri eða aðrir innan leikskólans þarfnast aðstoðar við að leysa vandann er óskað eftir ráðgjöf frá sérkennslufulltrúa/sérkennsluráðgjafa.



- Ef grunur vaknar um frávik í vitsmunáþroska, raskanir tengdar hegðun og/eða líðan er óskað eftir greiningu eða ráðgjöf sálfræðings.
- Ef grunur er um frávik í málþroska, boðskiptum, framburði og/eða önnur talmeyni eru til staðar, er óskað eftir greiningu eða ráðgjöf talmeynafræðings.
- Ef grunur er um hegðunarvanda á heimili og/eða í leikskóla er foreldrum kynnt þjónusta PMTO foreldrafærni.
- Foreldrar geta í samvinnu við starfsfólk leikskóla óskað eftir aðstoð, ráðgjöf og athugun hjá ofangreindum sérfræðingum

Nánar um verklag ráðgjafa á skrifstofu fræðslu og frístundþjónustu.

## 8.1 SÁLFRÆÐINGUR

Þegar komið er að athugun/ráðgjöf hefur sálfræðingur samband við foreldra/forráðmenn og sérkennslustjóra/deildarstjóra viðkomandi barns. Athugun sálfræðings felur að jafnaði í sér:

- Að fara vel yfir allar bakgrunnsupplýsingar og fyrri athuganir sem gerðar hafa verið á barni
- Viðtal við foreldra
- Viðtal við sérkennslustjóra og/eða deildarstjóra
- Athugun á barni með þeim matstækjum eða aðferðum er sálfræðingur telur eiga við (greindarpróf, matslistar, vettvangsathugun)
- Úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Lagðar eru fram tillögur að íhlutun er byggjast á niðurstöðum athugunar. Eðlilegt er að þar sem unnið er samkvæmt einstaklingsáætlun í leikskólanum fari tillögur sálfræðings um íhlutun inn í þá áætlun
- Ef frekara mats er talin þörf vísar sálfræðingur barni til frekari athugunar á stofnun eða mælir með athugun hjá sérfræðingi.
- Skilafundur er haldinn með foreldrum og í framhaldi hans er haldinn fundur í leikskóla með starfsfólki leikskóla og foreldrum. Sérkennslufulltrúi/sérkennsluráðgjafi sitja skilafundi í leikskóla eftir þörfum, til að fylgja málum eftir og veita frekari ráðgjöf.
- Eftirfylgd er í ákveðnum tilfellum, í samráði við leikskólann.
- Samráðs-/stjórnendateymi leikskólans getur óskað eftir ráðgjöf sálfræðings vegna barnahóps (tengill í [ráðgjafarform](#)).

## 8.2 SÉRKENNSLURÁÐGJAFI/SÉRKENNSLUFULLTRÚI

Þegar komið er að athugun/ráðgjöf hefur sérkennsluráðgjafi/sérkennslufulltrúi samband við sérkennslustjóra/deildarstjóra viðkomandi barns. Aðkoma sérkennsluráðgjafa/sérkennslufulltrúa felur að jafnaði í sér:

- Samráðs- og/eða stjórnendateymi leikskólans tekur ákvörðun um að óska eftir aðkomu sérkennsluráðgjafa/sérkennslufulltrúa vegna barns (með samþykki foreldra) eða barnahóps (tengill í [ráðgjafarform](#)).
- Sérkennsluráðgjafi/sérkennslufulltrúi fer í leikskólann í 1-3 skipti eftir þörfum.
- Sækir nánari upplýsingar frá deildar- og/eða sérkennslustjóra.
- Þegar lokið er við úrvinnslu og skýrslugerð skilar sérkennsluráðgjafi/sérkennslufulltrúi niðurstöðum sínum og hugmyndum um íhlutun til leikskólans þ.e. sérkennslustjóra, deildarstjóra eða foreldra eftir því sem við á í hverju tilviki.



- Eðlilegt er að þar sem unnið er samkvæmt einstaklingsáætlun í leikskólanum fari tillögur sérkennsluráðgjafa/sérkennslufulltrúa um íhlutun inn í þá áætlun.
- Eftirfylgd er með hverju mál, í samráði við leikskólann.

### 8.3 TALMEINAFRÆÐINGUR

Þegar komið er að greiningu hefur talmeinafræðingur samband við sérkennslustjóra eða foreldra/forráðmenn og deildarstjóra viðkomandi barns. Greining talmeinafræðings felur í sér:

- Fara vel yfir allar bakgrunnsupplýsingar og greiningar sem fylgja viðkomandi barni
- Viðtal við sérkennslustjóra og deildarstjóra
- Viðtal við foreldra
- Greiningu á málþroskafrávikum með viðeigandi matstækjum
- Úrvinnslu gagna og skýrslugerð með áherslu á viðeigandi íhlutun
- Eðlilegt er að þar sem unnið er samkvæmt einstaklingsáætlun fari tillögur talmeinafræðings um íhlutun inn í þá áætlun
- Sameiginlegur skilafundur með foreldrum og starfsfólki leikskóla. Sérkennslustjóri tekur ásamt talmeinafræðingi ákvörðun um það hverjir skulu sitja skilafundi. Sérkennslufulltrúi/sérkennsluráðgjafi sitja skilafundi í leikskóla eftir þörfum, til að fylgja málum eftir og veita frekari ráðgjöf.
- Eftirfylgd er með hverju mál, í samráði við leikskólann. Ef barn hefur þörf fyrir talþjálfun hjá talmeinafræðingi, beinir talmeinafræðingur á skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu foreldrum þess með það til barnalæknis/heimilislæknis. Í framhaldi af því er barninu vísað í talþjálfun hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi eða á HTÍ. Falli niðurstöður úr málþroska/framburðarmati undir samkomulag milli Velferðarráðuneytis og sveitarfélaga um greiðslupátttöku í talþjálfun þá greiðir Hafnarfjarðarbær fyrir talþjálfun. Talmeinafræðingur metur hvort niðurstöður úr greiningum falli undir ofangreindan samning eða samning á milli talmeinafræðinga og Sjúkratrygginga Íslands.

### 8.4 VERKFERLAR Í LEIKSKÓLA ÞEGAR MÁLI ER VÍSAÐ TIL PMTO

- Við móttöku tilvísunar hefur verkefnisstjóri PMTO og SMT samband við foreldra/ forráðmenn og tilkynnir um móttöku tilvísunar. Sótt er um námskeið, PTC hópmeðferð eða einstaklingsmeðferð. Mikilvægt er að allir foreldrar og/eða forsjáraðilar barnins taki þátt.
- Þegar komið er að þátttöku hefur viðkomandi PMTO meðferðaraðili samband við foreldra og/eða forsjáraðila.
- Þegar námskeiði, PTC hópmeðferð eða einstaklingsmeðferð er lokið fær tilvísandi upplýsingar um það. Sama gildir afþakki foreldrar og/eða forsjáraðilar þátttöku.
- Þeir foreldrar og/eða forsjáraðilar sem að hafa sótt námskeið, PTC hópmeðferð og/ eða einstaklingsmeðferð hjá PMTO foreldrafærni geta að því loknu leitað til verkefnisstjóra PMTO og SMT þurfi þeir frekari þjónustu.

## 9 MÓTTÖKUÁÆTLUN FYRIR BÖRN SEM ERU AÐ LÆRA ÍSLENSKU SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

---

Börnum af erlendum uppruna eða börnum sem hafa íslensku sem annað mál, hefur farið fjölgandi á undanförunum árum í leikskólum Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær hefur látið útbúa handbók um móttöku barna í leikskóla með íslensku sem annað tungumál. Þar er leitast við að hafa á einum stað upplýsingar og gátlista sem nýtast leikskólum í móttöku og starfi með börnum sem eru að læra nýtt tungumál, kynnast nýrri menningu og siðum. Hægt er að nálgast þessa handbók á innri vef Hafnarfjarðarbæjar, Læknum ([Handbók um móttöku barns í leikskóla með íslensku sem annað tungumál](#)).

Unnið af fagteymi leikskóla, febrúar 2017.





## 10 SAMANTEKT VERKFERLA VEGNA SNEMMTÆKRAR ÍHLUTUNAR

---

- 2 ½ árs og 4 ára skoðun: *Brigance* og *PEDS*
- Lausnateymi/samráðsteymi
- Móttökuáætlun
- Fundur með foreldrum
- Eftirfylgd og ráðgjöf frá sérkennslufulltrúa/sérkennsluráðgjafa
- Áætlun um íhlutun
- *Orðaskil*
- *Íslenski þroskalistinn/Smábarnalistinn*
- Frekari athugun á þroskastöðu (s.s. *TRAS, AEPS, Gerd Strand, Kuno Beller*)
- Aðferðir PMTO/ SMT
- *Matslisti Kolbrúnar Vigfúsdóttur* (fyrir tvítyngd eða fjöltyngd börn)
- *Einn leikskóli - mörg tungumál*. Skráning á framförum barna í íslensku sem öðru máli
- Foreldranámskeið vegna hegðunarerfðleika PMTO
- Mat á árangri
- Nánari athugun hjá sérfræðingum
- Skilafundir með áherslu á íhlutun og ráðgjöf
- Einstaklingsáætlun
- Teymisvinna eftir þörfum